

Skólaráðsfundur í Ölduselsskóla

15. nóvember 2019

Mættir: Elínrós, Erla, Sólveig, Vala, Kristín, Guðjón Ingi, Ólafur Jóhann, Kjartan og Saga.

Efni:

- 1) Breyting á skóladagatali lögð fram;
Afmælisteymið lagði til að breyta skipulagi jólaballs og jólaskemmtana en þessi í stað yrði jólaborð fyrir alla nemendur skólans og fjölskyldur þeirra milli kl. 17:00 til 19:00 í Ölduselsskóla. Starfsfólk og nemendur koma að skipulagningu stöðva í þorpinu. Jólafri hefst þá þann 20. desember en boði verður upp á gæslu fyrir nemendur í 1. til 4. bekk í frístund. Jólabball unglinga yrði þá haldið þann 12. des. Tillaga um breytingu á skóladagatali var samþykkt samhljóða.
- 2) Fundarskipulag skólaráðs á vorönn;
Dagsetningar: 10. janúar, 14. febrúar, 27. mars og 15. maí
- 3) Starfsáætlun Ölduselsskóla rædd;
 - Ölduselsskóli starfar eftir Uppbyggingarstefnu og allir starfsmenn skólans reyna að tileinka sér þá hugmyndafræði og vinnubrögð með nemendum. Unnið er með styrkleika nemenda, hlutverk hvers og eins og að mistök séu tækifæri til lærdóms svo eitthvað sé nefnt.
 - Metnaður og stefna skólans rædd. Umræður um að tengja stefnu skólans enn markvissar við framkvæmd starfsáætlunar.
 - Veturinn 2018 til 2019 samræmdi Reykjavíkurborg heimasíður grunnskólanna og breytinga varð á því umhverfi. Unnið er að því að setja inn alla þá tengla og upplýsingar sem vantar á síðu Ölduselsskóla.
 - Valgreinar: ánægja ríkir meðal nemenda um nýtt fyrirkomulag á valgreinum fyrir nemendur unglingsdeildar. Nú eru valgreinar í námskeiðsformi. Fjögur 9 vikna námskeið sem dreifast yfir skólaárið. Stungið upp á nýjum valfögum t.d. fjármálalæsi, fingrasetningu og rafíþróttum
Starfsáætlun Ölduselsskóla samþykkt samhljóða.
- 4) Aðalfundur Foreldrafélags Ölduselsskóla;
Ákveðið að halda aðalfund foreldrafélagsins í maí þannig að fólk komi vel upplýst inn í foreldrasamstarf að hausti.
- 5) Fræðsla fyrir nemendur í unglingsdeild;
Rætt um mikilvægi þess að nemendur fái vandaða fræðslu um geðræktarmál og unnið sé með nemendum. Þjónustumiðstöð Breiðholts hefur boðið upp á 5 vikna fræðslu og vinnu með nemendum í 8. bekk. Kvíðaskimun var framkvæmd í nokkur ár í 9. bekk en nú vegna nýrra persónuverndarlaga er það ekki í boði lengur.
- 6) Almenn umræða um skólastarfið;
 - Hvernig getum við aukið frekar lesskilning og ánægju nemenda við lestur
 - Vilji fyrir því að skoða stærðfræðina heildstætt í skólanum, hvað getum við gert til að auka áhuga nemenda á stærðfræði og gæði kennslu

- Rætt var um mikilvægi þess að auka kennslu í fingrasetningu sem nýttist nemendum vel á framhaldsskólastigi
- Skólapúlsinn er mælitæki fyrir 6. til 10. bekk. Í síðustu könnun kom fram að nemendur hafa í auknum mæli trú á eigin getu, borða hollari mat og eru virkari í kennslustundum. Aftur á móti kom fram aukning á tíðni eineltis.
- Niðurstöður samræmdra prófa hjá 4. og 7. bekk sýna að nemendum fækkar meðal hæstu marka en þeim fjölgar í neðri mörkum í raðeinkunn
- Vilji nemenda í unglingsálföldum er að fá aukna kynfræðslu í víði samhengi þar sem unnið er markvisst með viðfangsefnið. Rætt um að rannsóknir sýni að nánd og væntumþykja minnka

7) Það sem eftir lifir skólaársins 2019-2020 verður ekki starfandi tónmenntarkennari í Ölduselsskóla vegna fráfalls Haraldar Reynissonar, tónmenntarkennara skólans. Verk og listgreinakennarar munu auka við verk- og listgreinar í stað tónmenntarkennslu í vetur.

8) Önnur mál;

Rætt um leiðir til að auka virkni nemenda í frímínútum. Kristín minntist á að möguleiki væri að foreldrafélagið myndi kaupa borðtennisborð fyrir skólann. Minnst á nýja tómstundariðkun sem að Rafípróttaskóli Íslands stendur fyrir. Áhugi fyrir því að fá fræðslu frá Rafípróttaskóla Íslands.

Fundi slitið 09:45

Fundarritari: Erla Erlendsdóttir